

Aðalfundur hverfisnefndar Giljahverfis

haldinn 6. febrúar 2013 kl. 20 - 21 í Giljaskóla

7. fundur

Fundarstjóri og frummælandi var Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar.

Þetta gerðist:

1. Geir Kristinn bauð fundarmenn velkomna og greindi frá tildrögum fundarins. Enginn fundur hefur verið haldinn í hverfisnefndinni síðan í september 2007 en nú er það vilji bæjarstjórnar að blása lífi í hverfisnefndir og fá þeim skilgreint hlutverk varðandi umhverfismál, hverri í sínu hverfi. Þess vegna þarf að kjósa nýja hverfisnefnd á þessum fundi.
2. Samþykkt bæjarstjórnar fyrir hverfisnefndir lá frammi á fundinum. Geir Kristinn fór yfir samþykktina og útskýrði hlutverk hverfisnefnda og þjónustu Akureyrarbæjar við þær.
3. Geir Kristinn kynnti samþykkt sem gerð var á hátíðarfundi bæjarstjórnar Akureyrar í tilefni af 150 ára afmæli bæjarins. Ákveðið var að veita hálfum milljarði króna í sérstakt umhverfisátak en af þeirri upphæð skyldi hver hverfisnefnd fá til ráðstöfunar tvær milljónir króna á ári fyrst um sinn en hverfisráðin í Hrísey og Grímsey eina milljón króna. Þessum fjárhæðum eiga hverfisnefndir og -ráð að ráðstafa til umhverfismála í hverfum sínum í samráði við framkvæmdaráð. Geir benti fundarmönnum á að íbúar bæjarins geta farið á heimasíðu Akureyrarbæjar <http://www.akureyri.is> og komið þar á framfæri tillögum um úrbætur í umhverfismálum í bæjarlandinu.
4. Fram kom á fundinum tillaga um skipun nýrrar hverfisnefndar, 5 aðalmenn og 2 til vara. Aðrar tillögur um nefndarmenn komu ekki fram. Eftirtaldir íbúar í Giljahverfi skipa því hverfisnefnd:

Hlynur Jónsson, Fannagili 9, formaður,
Finnur Víkingsson, Fannagili 10,
Hafþór Jörundsson, Vættagili 20,
Svala Haraldsdóttir, Skottugili 5 og
Finnur Aðalbjörnsson, Fornagili 15.

Varamenn eru:

Orri Stefánsson, Vættagili 5 og
Linda Guðmundsdóttir, Huldugili 48.

5. Á fundinum urðu nokkrar umræður um ýmis málefni Giljahverfis sem bíða umfjöllunar hverfisnefndarinnar. Þessi voru helst:
 - a. Leyfilegur aksturshraði á götum í Giljahverfi, einkum í Merkgigili, og möguleikar á að takmarka hann.
 - b. Hávaði frá aðveitustöðinni við Kollugerði, sem stendur við Urðargil. Geir Kristinn upplýsti að unnið væri að lausn málsins hjá Norðurorku.

- c Grenndarstöð í hverfinu er notuð til að geyma ýmislegt drasl.
- d Göngustígur milli Huldugils og Vættagils er ekki fullgerður.
- e Í vinsælli sleðabrekku suðaustan við Vættagil stendur stakur staur upp úr snjónum og veldur slyshættu.
- f Snjór frá snjóruðningstækjum er fluttur á fótboltavöllinn á milli Fossagils og Vörðugils en með snjónum fylgja glerbrot og annað rusl sem veldur slyshættu.
- g Leiksvæði ofan Merkigils er á skipulagi en hefur ekki verið frágengið.
- h Fram kom hugmynd um að ábendingar, sem bæjarbúar geta sent inn á vef bæjarins, verði flokkaðar eftir hverfum og að viðkomandi hverfisnefndir geti skoðað þær sem varða þeirra hverfi.

Fundarmenn voru 10.